

Skýrsla stjórnar HÍDÍ árið 2020

Aðalfundur var haldin eins og ár hvert í Guðmundarstofu 8 janúar. 16 félagsmenn mættu ásamt 7 stjórnarmönnum.

Halldór formaður HÍDÍ setti fundin kl 20.00 og stakk upp á Sigurði Kolbeinssyni sem fundarstjóra og Snorra Ólasyni sem ritara og var það samþykkt.

- 1) Halldór flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2019
- 2) Ólöf lagði fram reikninga félagsins og voru þeir samþykktir ásamt skýrslu stjórnar
- 3) Tillögur stjórnar lagðar fram:

Tillaga um að hætta að styrkja dómara sem dæma NM og HM lögð fram og samþykkt með þorra atkvæða:

Hulda Geirsdóttir hefur efasemdir um að það sé tímabært áður en að ákveðið sé hvaðan styrkur/laun komi í staðinn

Páll Bragi vill samþykkja þessa tillögu til að skapa þrýsting á að mótið borgi full laun dómara

Tillaga um ákvörðun félagsgjalda og verð á endurmenntun samþykkt og verður Félagsgjöld 5000 kr og endurmenntun 15.000 kr

Tillaga um laun dómara

- Laun dómara:
 - FEIF dómari 4,500 kr. á klst.
 - Landsdómari 4,000 á klst
 - Héraðsdómari 3,000 kr. á klst.
 - Dómari er á launum frá því að dómarafundur byrjar fyrir mót og þar til móti er lokið. Yfirdómara er heimilt að reikna tíma vegna skýrslugerðar að móti loknu.
 - Lágmarkslaun dómara pr. mót er 25,000 kr.
 - Akstursgjald: 55 kr/km.
 - Kílómetrafjöldi í heild má aldrei vera hærri en sem nemur vegalengd frá heimili dómara að mótsstað og til baka. Dómurum ber að samnýta bifreið ef það er mögulegt, ef dómarar kjósa að nota fleiri en eina bifreið þegar samnýting er möguleg, ber þeim að hlutfalla akstursgjaldið á þeirri vegalengd.
 - Ferðakostnaður: Ef flugfargjald er í boði mótshaldara en ekki þegið, má bifreiðakostnaður ekki vera hærri en flugfargjaldið (ÍSI gjald).
 - Gisting: Ekki er greitt fyrir aukaferðir ef mótshaldari býður upp á gistingu.
 - Laun á tímann umfram 8 klst á dag tvöfaldast.
 - Innifalið í 8 klst. vinnudegi er amk 30 mín matartími og tveir 15 mín kaffitímar.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

- 4) Kosning stjórnar
Stjórn og varastjórn kosinn með rússneskri kosningu
- 5) Önnur mál

Endurmenntunarnámskeið fóru fram og heimadómgæsla,skrifleg könnun og siðareglur voru í aðalatriðum þetta árið og gekk nokkuð vel og skemmtilegar og málefnalegar umræður.

Vorið og sumarið kom eins og áður en þó með öðrum hætti út af svolitlu 😊 Náðum þó að dæma nokkur mót í sumar sem var mjög gaman og ekki alveg sjálfgefið miðað við ástandið. Annars hefur stjórnin verið í standlausu sambandi með aðalega rafrænum hætti. Við vonumst auðvitað að næsta ár verði meira um að vera.

Halldór Gunnar Victorsson